

Stjórnarfundur haldinn 7.október 2010 á skrifstofu sambandsins.

Mætt voru: Sigurjón, Guðjón, Auðunn, Hjalti, Kári, Birgir og Gry

1. Bikarmót KRAFT 2010.

Ákveðið var að breyta dagsetningu bikarmótsins og halda mótið á stærra sviði sunnudaginn 21.nóvember. Mótið hefst kl. 11.00 en vigtun kl. 9.00. Skráningarfrestur verður 14 daga.

Aðgerð: Gry auglýsir breytingarnar á kraft.is

2. **Keppnisgjöld**

Ákveðið var að setja viðmið um keppnisgjöld og var ákveðið 4000 krónur fyrir kraftlyftingamót og 2500 fyrir keppni í stakri grein. Mótshaldari fær gjaldið til sín.

3. Erlendir þátttakendur á bikarmótið.

Ákveðið var að bjóða erlendan dómara til landsins til að dæma á mótinu og endurnýja dómara réttindi Harðar Magnússonar. Ákveðið var að kanna möguleika á að fá keppendur frá Noregi á mótið.

Aðgerð: Gry hefur samband við Stephenson og Norska kraftlyftingasambandið.

4. Fréttir frá útbreiðslunefnd

Sigurjón og Guðjón sögðu frá fundum sínum með kraftlyftingadeild UMF Selfoss og forráðamönnum Stjórnunnar. Unnið er áfram með heimamönnum á báðum stöðum.

Aðgerð: Gry sendir reglugerðir og nánari upplýsinga til Bryndísar á Selfossi vegna Íslandsmótsins í réttstöðulyftu.

5. Logo

Erfiðlega hefur gengið að nálgast logo KRAFT.

Aðgerð: Guðjón sendir logoið í réttu formati til Gry sem setur það á heimasíðu.